

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. júlí 1990.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 2. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20. maí til 10. júní 1990, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1989, um Unglingaheimili ríkisins.

9. gr. orðist svo:

Séu unglingar vistaðir af barnaverndaryfirvöldum greiðir viðkomandi sveitarfélag daggjöld. Vegna vistunar lögreglu og vegna vistunar á deild fyrir vímuefnaneytendur, greiðast daggjöld og annar kostnaður úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. maí 1990.

Svavar Gestsson.

Örlygur Geirsson.